

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/63/ESB

2017/EES/31/31

frá 15. maí 2014

um breytingu á tilskipun ráðsins 2001/110/EB varðandi hunang (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 2001/110/EB ⁽³⁾ er hunang skilgreint sem náttúrulegt sætuefni sem *Apis mellifera*-býflugur framleiða. Hunang er aðallega sett saman úr mismunandi sykurtegundum, einkum frúktósa og glúkósa og öðrum efnum, eins og lífrænum sýrum, ensímum og föstum ögnum sem fást við söfnun hunangs. Ákvæði tilskipunar 2001/110/EB takmarka mannlega ihlutun sem gæti breytt samsetningu hunangs og stuðla þar með að varðveislu náttúrulegra eiginleika hunangs. Í tilskipun 2001/110/EB er einkum lagt bann við því að bæta hvers kyns efnisþáttum matvæla í hunang, þ.m.t. matvælaaukefnum, sem og öllu öðru en hunangi. Að sama skapi er í tilskipuninni lagt bann við því að fjarlægja efnisþætti sem eru einkennandi fyrir hunang, þ.m.t. frjókorn, nema það reynist óhjákvæmilegt þegar fjarlægja þarf aðskotaefni. Þessar kröfur eru í samræmi við staðla Alþjóðamatvælaskrárinnar fyrir hunang (Codex-staðall 12-1981).
- 2) Frjókorn eru hluti af samsetningarskilyrðunum fyrir hunang sem eru sett fram í tilskipun 2001/110/EB. Fyrirliggjandi sönnunargögn, þ.m.t. gögn sem byggð eru á athugunum og vísindarannsóknum, staðfesta að frjókorn í hunangi megi rekja til býflugna. Frjókorn falla niður í hunangslögin sem býflugurnar safna saman. Í býflugnabúinu breyta býflugur samansöfnuðum hunangsleginum, sem inniheldur frjókorn, í hunang. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum geta viðbótarfrjókorn í hunangi komið úr frjókornum úr hári býflugna, úr frjókornum úr andrúmsloftinu inni í býflugnabúinu og úr frjókornum sem býflugur hafa komið fyrir í hólfum og losað þaðan við að hólfin opnast af slysi meðan hunangstekja af hálfu stjórnmenda matvælafyrirtækja fer fram. Því má ætla að það sé afleiðing af athöfnum býflugna að frjókorn komist inn í býflugnabúið sem og það sé til staðar í hunangi frá náttúrunnar hendi, óháð hunangstekju af hálfu stjórnmenda matvælafyrirtækja. Enn fremur er stjórnmendum matvælafyrirtækja bannað að bæta frjókornum í hunang af ásettu ráði samkvæmt tilskipun 2001/110/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2017 frá 5. maí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB C 11, 15.1.2013, bls. 88.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. maí 2014.

(3) Tilskipun ráðsins 2001/110/EB frá 20. desember 2001 varðandi hunang (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47).

- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ⁽¹⁾ er „innihaldsefni“ skilgreint sem hvert það efni sem notað er í framleiðslu eða tilreiðslu á matvælum og er enn til staðar í lokaafurðinni, jafnvel þó að í breyttu formi sé. Þessi skilgreining gefur til kynna vísitandi notkun á efni við framleiðslu eða tilreiðslu matvæla. Með tilliti til náttúrulegra eiginleika hunangs og þá einkum náttúrulegra orsaka fyrir því að efnisþættir, sem eru einkennandi fyrir hunang, eru til staðar ættu frjókorn ekki að teljast „innihaldsefni“ hunangs í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 vegna þess að þau eru náttúrulegur efnisþáttur sem er einkennandi fyrir hunang.
- 4) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1889/2005 ⁽²⁾, að því er varðar hunang sem inniheldur erfðabreytt frjókorn, vegna þess að slíkt hunang telst vera matvæli sem eru framleidd úr erfðabreyttum lífverum í skilningi þeirrar reglugerðar. Dómur Evrópudómstólsins í máli C-442/09 ⁽³⁾, Karl Heinz Bablok ofl. gegn Freistaat Bayern, úrskurðaði að viðmiðunin sem beiting reglugerðar (EB) nr. 1829/2003 ræðst af, eins og sett er fram í 16. forsendu þeirrar reglugerðar, sé sú hvort efni, sem fengið er úr erfðabreytta upprunaefninu, er fyrir hendi í matvælum. Hunang sem inniheldur erfðabreytt frjókorn ætti því, í skilningi c-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1829/2003, að teljast „matvæli sem eru (að hluta) framleidd úr erfðabreyttri lífveru“. Það að mæla fyrir um ákvæði þess efnis að frjókorn séu ekki innihaldsefni í hunangi hefur því ekki áhrif á niðurstöður dómstólsins í máli C-442/09 um að hunang sem inniheldur erfðabreytt frjókorn falli undir reglugerð (EB) nr. 1829/2003, einkum kröfurnar í henni sem varða leyfi áður en það er sett á markað, eftirlit og, þar sem við á, merkingu.
- 5) Samkvæmt kröfum um merkingar í reglugerð (EB) nr. 1829/2003 er ekki skylda að tilgreina á merkimiðum fyrir hunang að það innihaldi erfðabreytt frjókorn ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: magn frjókorna af því tagi fer ekki yfir 0,9% af hunanginu og það er fyrir hendi í hunanginu fyrir tilviljun eða vegna tækilega óhjákvæmilegra orsaka. Rétt er að minna á að í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ⁽⁴⁾ er kveðið á um að aðildarríkjum sé heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að hunang innihaldi erfðabreyttar lífverur án ásetnings.
- 6) Ef hunangið er upprunnið í fleiri en einu aðildarríki eða þriðja landi er leyfilegt, samkvæmt tilskipun 2001/110/EB, að í stað upplýsinga um upprunaland komi eitt af eftirfarandi, eftir því sem við á: „blanda af hunangi frá löndum sem eru í EB“, „blanda af hunangi frá löndum sem eru ekki í EB“, „blanda af hunangi frá löndum sem eru í EB eða eru ekki í EB“. Eftir að Lissabonsáttmálinn tók gildi hefur Evrópusambandið komið í stað og tekið við af Evrópubandalaginu. Því er viðeigandi að skýra viðkomandi kröfur um merkingar með því að skipta tilvísuninni til „EB“ út fyrir tilvísun til „ESB“.
- 7) Með tilskipun 2001/110/EB er framkvæmdastjórninni veitt vald til að framkvæma nokkur ákvæði tilskipunarinnar, einkum vald til að samþykkja ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar ákvæða sem lúta að aðlögun að tækniframförum og til að að samræma tilskipunina við almenna löggjöf Sambandsins um matvæli. Með tilskipun 2001/110/EB er framkvæmdastjórninni enn fremur veitt vald til að samþykkja aðferðir til að gera það kleift að sannprófa hvort hunang sé í samræmi við þá tilskipun. Nauðsynlegt er að endurskoða það valdsvið.
- 8) Til að tryggja sanngjarna viðskiptahætti, vernda hagsmuni neytenda og gera það kleift að fastsetja viðeigandi greiningaraðferðir ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að mæla fyrir um meginðlegar breytur fyrir viðmiðunina „að meginhluta“ að því er varðar blóma- eða plöntuuppruna hunangs og lágmarksinnihald frjókorna í síuðu hunangi eftir að ólífrænt eða lífrænt aðskotaefni hefur verið fjarlægt. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011., bls. 18).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður (Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1).

⁽³⁾ Dómasafn EB (ECR), 2011, bls. I-07419.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (Stjtið. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1).

- 9) Í kjölfar samþykktar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽¹⁾, sem gildir um öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar matvæla og fóðurs á vettvangi Sambandsins og á landsvísi, gilda almenn ákvæði Sambandsins um matvæli beint um vörurnar sem falla undir tilskipun 2001/110/EB. Því er ekki lengur nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin hafi vald til að aðlaga ákvæði þeirrar tilskipunar að almennri löggjöf Sambandsins um matvæli. Því ætti að fella brott ákvæði sem veita slíkt vald.
- 10) Í kjölfar samþykktar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²⁾ þykir rétt að aðlaga viðeigandi ákvæði tilskipunar 2001/110/EB að þeirri reglugerð.
- 11) Í því skyni að gera aðildarríkjunum kleift að samþykkja landslög og stjórnsýslufyrirmæli sem eru nauðsynleg til að uppfylla ákvæði tilskipunar 2001/110/EB, eins og henni er breytt með þessarar tilskipun, ætti að koma á 12 mánaða lögleiðingartímabili. Á því tímabili gilda kröfur tilskipunar 2001/110/EB áfram án breytinganna sem eru innleiddar með þessari tilskipun.
- 12) Í því skyni að taka tillit til hagsmuna stjórnenda matvælafyrirtækja, sem setja vörur sínar á markað eða merkja þær í samræmi við þær kröfur sem eru í gildi áður en ákvæðum landslaga, þar sem tilskipun 2001/110/EB er leidd í lög eins og henni er breytt með þessari tilskipun, er beitt, er nauðsynlegt að koma á viðeigandi umbreytingarráðstöfunum. Því ætti að vera mögulegt að halda áfram að setja vörur, sem voru settar á markað eða merktar fyrir beitingu þessara ákvæða, á markað meðan birgðir endast.
- 13) Því ber að breyta tilskipun 2001/110/EB til samræmis við það.
- 14) Þar eð breytingarnar sem varða framsal á valdi til framkvæmdastjórnarinnar varða eingöngu vald framkvæmdastjórnarinnar þurfa aðildarríkin ekki að lögleiða þær.
- 15) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e.að kveða á um að frjókorn, sem er náttúrulegur efnisþáttur sem er einkennandi fyrir hunang, ættu ekki að teljast innihaldsefni hunangs, að skýra kröfur um merkingar í tilvikum þar sem hunang er upprunnið í fleiri en einu aðildarríki eða þriðja landi og að endurskoða núverandi vald sem framkvæmdastjórninni er falið, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar

Tilskipun 2001/110/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað a-liðar 4. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„a) Tilgreina skal á merkimiðanum upprunalandið eða -löndin þar sem hunangið hefur verið tekið.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein, ef hunangið er upprunnið í fleiri en einu aðildarríki eða þriðja landi, má í stað upplýsinga um upprunalöndin koma eitt af eftirfarandi, eftir því sem við á:

— „blanda af hunangi frá löndum sem eru í ESB“,

— „blanda af hunangi frá löndum sem eru ekki í ESB“,

— „blanda af hunangi frá löndum sem eru í ESB eða eru ekki í ESB“.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

2) Í 2. gr. bætist við eftirfarandi liður:

„5. Frjókorn, sem er náttúrulegur efnisþáttur sem er einkennandi fyrir hunang, ættu ekki að teljast innihaldsefni, í skilningi f-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1169/2011 (*), í vörunum sem eru skilgreindar í I. viðauka við þessa tilskipun.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).“

3) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

1. Að því er varðar aðra málgrein 9. gr. í þessari tilskipun er framkvæmdastjórninni heimilt, með tilliti til alþjóðlegra staðla og tækniframfara, með framkvæmdargerðum sem eru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (*), að fastsetja greiningaraðferðir til að sannreyna hvort hunang sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr. í þessari tilskipun. Þar til slíkar aðferðir hafa verið samþykktar skulu aðildarríkin, hvenær sem þörf krefur, nota alþjóðlega viðurkenndar, fullgiltar greiningaraðferðir, eins og þær sem hafa verið samþykktar af Alþjóðamatvælskránni, til að sannprófa samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Í því skyni að tryggja sanngjarna viðskiptahætti, vernda hagsmuni neytenda og gera það kleift að fastsetja viðeigandi greiningaraðferðir skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 6. gr. sem viðbót við þessa tilskipun með því að mæla fyrir um meginlegar breytur sem varða eftirfarandi:

- a) viðmiðunina „að meginhluta“ að því er varðar blóma- eða plöntuuppruna hunangs eins og um getur í fyrsta undirlið b-liðar 2. mgr. 2. gr., og
- b) lágmarksinnihald frjókorna í síuðu hunangi eftir að ólífræn eða lífræn aðskotaefni, sem um getur í viii. lið b-liðar 2. liðar I. viðauka, hafa verið fjarlægð.

Í þessum framseldu gerðum skal framkvæmdastjórnin kveða á um viðeigandi umbreytingarfyrirkomulag fyrir vörur sem eru settar á markað fyrir gildistökudag þessara framseldu gerða.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).“

4) Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 23. júní 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 2. mgr. 4. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 4. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

5) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra („nefndin“) sem komið var á fót með 1. mgr. 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 (*). Nefndin er nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (**).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álit skilnaðastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og ákvæði þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

6) Í stað þriðju málsgreinar II. viðauka komi eftirfarandi:

„Hvorki má fjarlægja frjókorn né aðra efnisþætti sem eru einkennandi fyrir hunang nema það reynist óhjákvæmilegt þegar fjarlægja þarf ólífræn eða lífræn aðskotaefni, sbr. þó viii. lið b-liðar í 2. lið I. viðauka.“.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 1., 2. og 6. lið 1. gr. og 3. gr. í þessari tilskipun. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Frá og með 24. júní 2015 skulu aðildarríkin beita þeim ráðstöfunum sem um getur í fyrstu málsgrein.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Setja má vörur, sem eru settar á markað eða merktar fyrir 24. júní 2015, í samræmi við tilskipun 2001/110/EB, áfram á markað meðan birgðir endast.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. KOURKOULAS

forseti.